

Landsyfirréttardómar 1917.

Mánudaginn 8. janúar 1917.

Nr. 32/1916.

Margrét Árnason
gegn

skiftaráðandanum í Árnessýslu
settum sýslumanni Eiriki Einars-
syni fyrir hönd dánarbús Ólafs
Árnasonar, Eggert Claessen fyrir
hönd »Minningarsjóðs Jóhanns
Jóhannessonar og Sigurbjargar
Guðnadóttur« og Birni Sigurðs-
syni fyrir hönd ómyndugra erf-
ingja Ólafs Árnasonar og fyrir
hönd landsbankans.

D ó m u r :

Við skifti á dánarbúi Ólafs Árnasonar fram-
kvæmdarstjóra frá Stokkseyri, sem dó 2. júní 1915,
varð ágreiningur um það, hvort áfrýjandi þessa
máls, frú Margrét Árnason, ekkja Ólafs Árnasonar,
en skilin við hann að borði og sæng samkvæmt
leyfisbréfi útgefnu 18. júní 1909, hefði rétt til að taka

þátt í ráðstöfunum um eignir búsins; var því mótmælt af Eggert Claessen yfirréttarmálaflutningsmanni fyrir hönd Minningarsjóðs Jóhanns Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur, er átti kröfu á hendur búinu, og fyrir hönd fjárhaldsmanns ófullveðja erfingja búsins, Björns bankastjóra Sigurðssonar. Var um ágreining þennan kveðinn upp úrskurður 23. maí f. á. í skiftarétti Árnassýslu, svolátandi: »Krafa frú Margrétar Árnason um, að fjárskiftaskilmálar hennar og Ólafs Árnasonar frá 1909 séu metnir ógildir og hún viðurkend helminga-eigandi dánarbúsins, skal eigi tekin til greina. Skal hún hvorki hafa ihlutunareða atkvæðisrétt um meðferð búsins eða skifti á því, með því að félagsbúi þeirra hjóna var algerlega slitið með fjárskiftaskilmálum þeirra við skilnaðinn að borði og sæng«.

Þessum úrskurði hefir frú Margrét Árnason skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 2. júní f. á. Hefir hún stefnt skiftaráðandanum, settum sýslumanni Eiriki Einarssyni fyrir hönd dánarbúsins, Eggert Claessen yfirréttarmálaflutningsmanni fyrir hönd áður nefnds Minningarsjóðs og Birni bankastjóra Sigurðssyni fyrir hönd ófullveðja erfingja búsins og fyrir hönd Landsbankans sem kröfuhafa. Kröfur áfrýjanda eru þær, að úrskurðinum verði hrundið og breytt þannig, að hún verði talin eigandi að öllu því af búinu að sínum hluta eignanna, er óskift hafi verið og vantalið fram við skilnaðinn að borði og sæng af manni hennar, og verið hafi sérstaklega verzlanir þeirra, svo og að arði eignanna að sínum hluta, að henni verði taldar óviðkomandi skuldir, er maður

hennar hafi stofnað, og fram kunnir að koma síðar, og að hún verði talin að hafa bæði atkvæðisrétt og íhlutunarrétt um meðferð búans og skifti á því; þá krefst hún og, að hinir stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða henni málskostnað.

Af hendi fjárhaldsmanns ófullveðja erfingja, Björns Sigurðssonar bankastjóra, hefir enginn mætt fyrir yfirdóminum, en fyrir hönd skiftaráðanda og fyrgreinds Minningarsjóðs hefir mætt Eggert Claessen yfirréttarmálaflutningsmaður og gert þær kröfur, að hinn áfrýjandi úrskurður verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða umbjóðendum sínum málskostnað eftir mati réttarins.

Áfrýjandi var, svo sem þegar er sagt, skilin við mann sinn að borði og sæng, og var um leið og skilnaðurinn fór fram skipun gerð um skifti á félagsbúi hjónanna. Um þetta segir svo í skilnaðarbréfinu: Fjárskifti milli hjónanna hafa þegar farið fram, að því er peninga og bankavaxtabréf snertir; fasteignir skiftast jafnt milli hjónanna með áhvilandi skulduum, þannig að hvort hjónanna eignast hverja fasteign félagsbúsins fyrir sig að helmingi. Að öðru leyti skiftist félagsbúið jafnt milli hjónanna og framkvæmast búskiftin smátt og smátt eftir því sem bezt hentar og með samkomulagi. Í skilnaðarbréfinu er að öðru leyti vísað til sammings, dags. 20. marz s. á. milli hjónanna, þar sem tekið var upp yfirlit yfir eigur og skuldir félagsbúsins, og ákveðið að aðrar skuldir félagsbúsins eða skuldbindingar mannsins, er fram kynnu að koma síðar, skyldu vera áfrýjanda óviðkomandi, en hins vegar skyldu skuldir,

er áfrýjandi hefði stofnað, eða síðar kynnu að koma fram, henni viðkomandi eða húshaldinu í Reykjavík, vera Ólafi Árnasyni óviðkomandi. — Áfrýjandi heldur því nú fram, að þessi fjárskifti séu ógild, og að engin fullnaðarskifti hafi farið fram í félagsbúi þeirra Ólafs Árnasonar, með því að hún hafi ekki meðtekið það, sem henni bar af eignum búsins, sem taldar eru í samningnum 20. marz 1909, og allar eigur búsins hafi ekki verið taldar í yfirlitinu, en verulegur undandráttur hafi átt sér stað, og nefnir áfrýjandi, þar til sérstaklega verzlánirnar á Stokkseyri og Eyrarbakka. Fyrir því litur áfrýjandi svo á, að félagsbúi hafi að minsta kosti að nokkru leyti verið með þeim hjónum, þegar Ólafur Árnason dó, og að hún sé eigandi búsins að helmingi. Þó telur áfrýjandi, að þessi ógilding skiftasamningsins eigi ekki að ná til ákvæða hans um skuldir, sem Ólafur hafi síðar stofnað, og eigi þær ekki að koma til greina til skerðingar á búshlut hennar.

Af hálfu hinna stefndu er því haldið fram, að félagsbúi nefndra hjóna, hafi verið skift til fullnaðar með fyrgreindum gerningum, að áfrýjandi hafi meðtekið það, er henni bar samkvæmt skiftasamningnum, og þó að sumar af fasteignum hins fyrverandi félagsbús, sem hjónin við skilnaðinn eignuðust að helmingi hvort, séu enn í sameign, þá hafi öllum félagsskap um þær verið slitið. Stefndu neita því, að neitt hafi verið dregið undan í fjárskiftasamningnum, og um verzlánirnar á Stokkseyri og Eyrarbakka skýra þeir svo frá, að þær hafi verið seldar kaupfélaginu »Ingólfi« á Stokkseyri með kaupsamn-

ingi dags. 1. febr. 1907 og afsalsbréfi dags. 1. nóv. s. á., og hafi andvirði þeirra runnið inn í félagsbúið, þar á meðal 20,000 kr. í hlutum í nefndu kaupfélagi, en samkvæmt kaupmála milli hjónanna dags. 10. júní 1907, staðfestum af konungi 17. ágúst s. á., hafi þessir kaupfélagshlutir orðið séreign Ólafs Árnasonar á móti því að húseignin nr. 14 við Sudurgötu varð séreign áfrýjanda. Nefndar verzlaniir séu því dánarbúi Ólafs Árnasonar algerlega óviðkomandi, og verði áfrýjandi, ef hún geri tilkall til að vera meðeigandi að þeim, að eiga það mál við kaupfélagið »Ingólf«.

Fyrgreindur kaupsamningur og afsalsbréf verður að teljast næg sönnun þess, að farið hafi fram lögleg sala, eins og greint er í skjölum þessum, á verzlunum Ólafs Árnasonar til kaupfélagsins »Ingólfur«, og véfengingar áfrýjanda á afsalinu fyrir þá sök, að dagsetning þess sé fölsuð og að það hafi ekki verið þinglesið fyr en 1914 eiga ekki við neitt að styðjast. Það getur því ekki komið til mála að verzlaniirnar verði taldar dánarbúinu og teknar til skifta með því. Og engin heimild er heldur fyrir því, að fyrnefnd hlutabréf í kaupfélaginu »Ingólfur« hefðu átt að teljast með eignum félagsbúsins, þegar skilnaðurinn varð milli hjónanna, þar sem hlutabréf þessi þá voru orðin séreign Ólafs samkvæmt kaupmálanum 10. júní 1907.

Áfrýjandi hefir ekki talið annað dregið undan skiftum milli þeirra Ólafs Árnasonar en verzlaniirnar á Stokkseyri og Eyrarbakka, en þær voru eins og þegar er sagt löglega seldar af Ólafi rúmu 1½ ári áður en skilnaðurinn fór fram, og með því áfrýjandi hefir

engin rök fært fyrir því, að Ólafur hafi dregið neitt undan skiftum við fjárskiftasamninginn 20. marz 1909 verður honum ekki hnekt af þessari ástæðu.

Þá hefir áfrýjandi haldið því fram, að hún hafi ekki nema að litlu leyti meðtekið það, er henni bar af eignum búans samkvæmt samningnum 20. marz 1909, og virðist hún byggja á þessu að samningur þessi og fjárskiftin samkvæmt skilnaðarbréfinu séu ógild, þannig að hún verði að teljast eigandi að helmingi af eignum dánarbús Ólafs Árnasonar eins og það er nú.

Um þetta skal það athugað, er nú segir: Áfrýjandi neitar því að hún hafi fengið peninga 2000 kr. og bankavaxtabréf 500 kr., sem ræðir um í samningnum; skýrir hún frá að Ólafur Árnason hafi sagt að hún fengi þetta síðar, en af því hafi aldrei orðið. Um þetta segir svo í samningnum að skifti á þessum fjármunum hafi þá þegar verið gerð og í skilnaðarbréfinu 18. júní s. á. segir að fjárskifti hjónanna á milli, að því er peninga og bankavaxtabréf snertir, hafi þegar farið fram. Undirskrift áfrýjanda undir þessa gerninga verður að telja næga sönnun þess, að hún hafi meðtekið nefnda fjármuni eins og stefndu halda fram.

Um aðra fjármuni af þeim, er taldir eru í samningnum, virðist áfrýjandi og halda því fram, að henni hafi ekki enn verið afhent til umráða fasteignir þær, er þar eru nefndar, og heldur ekki nema að nokkru leyti eignir þær, er skiftast áttu smátt og smátt eftir því sem bezt hentar og með samkomulagi. En með því áfrýjandi tilgreinir ekki nánar hvað hana vanti

og með því ekki heldur fyrir liggur í málinu nein greinargerð frá búsins hálfu um það, hvað sé afhent og hvað óafhent, af umgetnum fjármunum, verður enginn dómur lagður á þetta atriði, en þótt þannig skifting búsins samkvæmt skilnaðarbréfinu 18. júní 1909 hafi ekki að fullu verið komin í framkvæmd eða lokið, er Ólafur Árnason dó, getur þetta ekki orðið þess valdandi að umgetinn skiftasamningur missi gildi sitt, heldur verður hann engu að síður að teljast bindandi bæði fyrir áfrýjanda og dánarbúið, þannig að áfrýjandi getur að eins krafist að fá þá fjármuni, er henni ber samkvæmt honum, að svo miklu leyti sem þeim er óskilað, og að búinu hins vegar er skylt að standa henni skil á þessu en öðru ekki.

Þótt áfrýjandi þannig enn eigi fasteignir og ei til vill aðra muni í sameign með dánarbúi Ólafs Árnasonar, þá veitir þetta henni þó eigi neinn íhlutunar- og atkvæðisrétt um málefni dánarbúsins, og þar sem eigi heldur verður séð, af því sem fyrir liggur, að áfrýjandi hafi gert neina skuldakröfu í búið í tilefni af fjárskiftunum frá 1909 eða öðru, verður eigi álitid að hún eigi neinn íhlutanar- eða atkvæðisrétt um málefni dánarbúsins.

Það ber því að staðfesta hinn áfrýjanda úrskurð, og eftir þeim úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði hinum stefndu, er mætt hafa eða mæta látið við yfirdóminn, 25 kr. í málskostnað hvorum.

Þvi dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða úrskurði skal óraskað. Áfrýjandi Margrét Árnason greiði hinum stefndu, Eggert Claessen fyrir hönd Minningarsjóðs Jóhanns Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur og settum sýslumanni Eiriki Einarssyni fyrir hönd dánarbús Ólafs Árnasonar 25 kr. í málskostnað hvorum, er lúkist áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 15. janúar 1917.

Nr. 52/1916:

Einar Benediktsson
gegn

Gísla Sveinssyni f. h.
dánarbús Sigurbergs Einarssonar.

D ó m u r :

Árið 1906, 25. janúar, lauk áfrýjandi þessa máls, Einar Benediktsson, þá sýslumaður og skiftaráðandi í Rangárvallasýslu, skiftum á dánar- og félagsbúi Einars Einarssonar og Þorbjargar Jónsdóttur frá Raufarfelli. Erfingjar búsins voru 4 börn nefndra hjóna, 2 fullveðja, annar þeirra ofangreindur Sigurbergur Einarsson, og eru þeir eigi taldir viðstaddir